

Mótt. 17/12 '20

16. desember, 2020

Sveitarstjórn Flóahrepps

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri  
Árni Eiríksson, oddviti  
Hrankell Sigurðsson, varaoddviti

Formleg kvörtun yfir samskiptum við **Rósu Matthíasdóttur**.

Rósa Matthíasdóttir á sæti í sveitarstjórn Flóahrepps og er jafnframt (áheyrnar)fulltrúi Flóahrepps í Héraðsnefnd Árneseinga.

Málavextir eru þeir að ég hef undir höndum fundargerð frá fundi Hreppsnefndar Árneseinga 12. nóvember, 2020 og kemur þar í ljós að Rósa Matthíasdóttir sat þennan fund fyrir hönd Flóahrepps. Á þessum fundi var málefni til umræðu sem varðar okkar hagsmuni og réttindi með beinum hætti.

Ég hafði samband við skrifstofu Flóahrepps 16. des. 2020 og gekk úr skugga um hvort ekki væri eðlilegt að hafa samband við Rósu Matthíasdóttir vegna setu hennar á umræddum fundi.

11:16, þann 16. des. 2020 hringi ég svo í Rósu Matthíasdóttur í þeim erindum að afla upplýsinga um inntak í þeirri umræðu sem fram fór á ofangreindum fundi og varðar okkar eignir og hagsmuni.\* Það er skemmst frá því að segja að Rósa brást við með fádæma dónaskap og sagðist engar upplýsingar vilja veita, enda kæmi mér ekkert við hvað færi fram á fundum Héraðsnefndarinnar. Síðan efaðist hún reyndar um að á þessum fundi hefðu nokkur mál verið rædd sem vörðuðu okkar hagsmuni, þvert á það sem kemur fram í fundargerðinni.

Símtalinu lauk með því að Rósa Matthíasdóttir sagðist "vita hvert þetta símtal stefndi" og sleit svo símtalinu með ónotum, án þess að kveðja. Allt samtalið var markað algerum skorti á almennum mannaíðum og ætti ekki að líðast af kjörnum fulltrúa í sveitarstjórn; það þarf ekki að undirstrika að engar upplýsingar um umæddan fund var að hafa hjá Rósu Matthíasdóttur.

Sem aðila sem hefur hagsmuna að gæta í Flóahreppi og Grímnes og Grafningshreppi fer ég fram á að Rósu Matthíasdóttur verði veitt áminning sem kjörnum fulltrúa í sveitarstjórn vegna vanhæfni og að bregðast skildum sínum í almennri upplýsingagjöf, og hún verði jafnframt áminnt um að sýna íbúum Flóahrepps og í umdæmi Héraðsnefndar Árneseyslu, sem ráðið hafa hana til trúaðarstarfa, eðlilega kurteisi í samskiptum.

Einnig fer ég fram á að þetta erindi verðu tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar og mér verði sent afrit af afgreiðslu málsins, og málið verði bókað í fundargerð.

Þá fer ég fram á að ég verði beðin afsökunar fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps með formlegum hætti á ofangreindum viðbrögðum og óviðeigandi og dóanlegri framkomu Rósu Matthíasdóttur.

\*Þetta samtal fór reyndar fram í vitna viðurvist með opnum hátalara og gætu viðstaddir, sem blöskraði þessi fádæma dónaskapur kjörins fulltrúa sveitarfélgsins, staðfest inntak þess orðrétt ef eftir því er óskað.

Virðingarfyllst,  
Hannes Lárusson